

Fundur í Nemendafélagi Heiðarskóla 13. september 2021 kl. 8:20

Mættir: Stefanía, Berglind Ýr, Júlía, Maron og Einar Ási. Forfallaðir voru Mattías og Aldís. Óvíst með fulltrúa úr 10. bekk.

- Nýir fulltrúar Nemendafélagsins boðnir velkomnir.
- Farið yfir hlutverk nemendafélagsins.
- Farið yfir skólareglur, þær ræddar og gerð lítilsháttar breyting.
- Farið yfir starfsáætlun nemendafélagsins.
- Reglur fyrir matsal.

Önnur mál:

- Boltar, búið að panta bolta og við eigum von á kynningu frá knattspyrnudeild ÍA í lok september, þeir ætla að gefa okkur fótbolta.
- Klappregla í matsal rædd – fulltrúi spurðist fyrir hvort ekki mætti klappa í matsalnum þegar eitthvað brotnar, skólastjóri benti á að sumum nemendum finnst óþægilegt þegar öll athyglin beinist að sér þegar eitthvað gerist óvart og því verður áfram óheimilt að klappa þegar slys verða í matsalnum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:50.